

Gjaldskrárbreytingar til að mæta kostnaði vegna hertra krafna um meðferð úrgangs

Inngangur

Mikilvægar breytingar hafa verið lögfestar um meðferð úrgangs á Íslandi sem fela í sér verulega hertar reglur, m.a. um hvaða tegundir úrgangs megi urða og hvernig beri að fara með annan úrgang. Þessar lagabreytingar kalla á verulegar breytingar á vinnsluferli SORPU bs og hafa í för með sér aukinn kostnað. Jafnframt leiðir af þessum breyttu reglum að endurskoða þarf reglur um móttöku og gjaldskrá úrgangs þannig að þær styðji við sjálfbærni og stefni í átt að hringrásarhagkerfi. Þess skal getið að SORPA bs hefur ráðist í viðamiklar hagræðingaraðgerðir sem standa nú yfir og munu að hluta mæta auknum kostnaði vegna þeirra nýju áherslna sem hér hefur verið greint frá.

Hagræðingaraðgerðirnar hrökkva þó skammt, sem þýðir að það sem upp á vantar þarf að koma í gegnum hækkaða gjaldskrá. Ennfremur hafa hagræðingaraðgerðir einar og sér ekki áhrif á hegðun rekstraraðila og einstaklinga. Því er nauðsynlegt að að innleiða nýja gjaldskrárstefnu sem styður við sjálfbærni og tekur mið af forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs. Hér er vísað til hugmyndafræði um úrgangspríyrninginn og hringrásarhagkerfi. Þessi hugmyndafræði gengur út á að innan hringrásarhagkerfisins er verslað með vörur og þjónustu í lokaðri hringrás með það að markmiði að viðhalda verðmætum í kerfinu eins lengi og mögulegt er. Hönnun og framleiðsla vöru er háttáð þannig að hægt sé að lengja líftíma hennar með viðgerðum og endurnotkun og endurvinna mismunandi efnistegundir í vörunni að lokinni notkun. Við tekur svo kerfi þar sem úrgangur er meðhöndlaður með þeim hætti að hann sé nothæfur sem hráefni í nýja framleiðslu. Þannig er auðlindanotkun og úrgangsmýndun lágmarkuð.

Í þessari tillögu er gerð grein fyrir hagræðingu í rekstri samlagsins og breytingum á gjaldskrá.

Hagræðing í rekstri samlagsins

Stjórnendur samlagsins stóðu fyrir átaki í byrjun marsmánaðar, með þátttöku allra starfsmanna á starfsmannafundum, þar sem skilgreindar voru hugmyndir að hagræðingu, hugmyndir voru rýndar og nokkur afmörkuð hagræðingarverkefni voru skilgreind. Þessi hagræðingarverkefni eru öll í vinnslu og sumum þeirra er þegar lokið. Sem dæmi um slík hagræðingarverkefni má nefna að hætta að prenta ársskýrslu og almanak og breytt fyrirkomulag auglýsingar- og kynningarmála og innhýsingu á mælingum sem framkvæmdar eru í Álfnesi. Í heild hafa þessar aðgerðir nú þegar skilað hagræðingu sem nemur 31 m.kr. fyrir árið 2020 og munu að óbreyttu skila 121 m.kr. á tímabilinu 2020-2022. Vert er að nefna sérstaklega endurskoðun stjórnskipulags sem nú stendur yfir og tilheyrir þeim hagræðingaraðgerðum sem hér eru til umfjöllunar. Þessi endurskoðun felur í sér að þrjár stoðeildir hafa verið lagðar niður og tvær stofnaðar í staðinn. Áhrif skipulagsbreytinga munu leiða til aukinnar skilvirkni og minni rekstrarkostnaðar. Áhersla á fjármál er stóraukin og innviðir félagsins styrktir verulega í því skyni, til dæmis á sviði innkaupa. Þá er í gangi alger uppstokkun á högun upplýsingatækni hjá félaginu og þess er vænst að sú uppstokkun leiði til verulegrar hagræðingar. Þessar og fleiri hagræðingaraðgerðir eru í undirbúningi og innleiðingu og þess er vænst að þegar allt er talið saman muni hagræðingarátakið skila að jafnaði 80 m.kr. á ári, á tímabilinu 2020-2024.

Breytingar á gjaldskrá

Um aukinn kostnað

Hertar kröfur um ráðstöfun úrgangs hafa óumflýjanlega í för með sér aukinn rekstrarkostnað í starfsemi samlagsins. Hér er til dæmis vísað til kostnaðar við rekstur gas- og jarðgerðarstöðvar en einnig kostnaðar vegna útflutnings á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu.

Um gjaldskrá sem stjórnþæki

Gjaldskrá samlagsins er mikilvægt stjórnþæki og skapar tækifæri til að stýra hegðun með tilliti til umhverfishagsmuna. Í þessu samhengi verður að draga fram mikilvægar grundvallarforsendur.

- Gjaldskrá þarf að endurspeglar fjárfestingar- og rekstrarkostnaðinn vegna meðferðar úrgangs.
- Gætt er að því að gjaldskrá fyrir hvern flokk standi undir áætluðum kostnaði við vinnsluferli hans.
- Í nýrri gjaldskrá samlagsins verða óflokkaður og grófur úrgangur dýrasti flokkurinn, en atvinnulíf og einstaklingar hafa mikil tækifæri til að lækka kostnað sinn með bættri flokkun. Sem gott dæmi í því sambandi má nefna mismun á gjaldskrá vegna málaðs og ómálaðs timburs. Málað timbur þarf að flytja út til brennslu á meðan ómálað timbur er hægt að endurnýta hjá SORPU. Í nýrri gjaldskrá felast hvatar til að flokka timbur í málað og ómálað timbur.
- Markviss gjaldskrá sem felur í sér hvata til breyttrar hegðunar eykur möguleika á að ná framangreindum umhverfismarkmiðum og um leið að lágmarka urðun úrgangs.

Urðun er ekki lengur almenn lausn við ráðstöfun úrgangs

Eins og fram hefur komið er urðun úrræði sem felur í sér að engin tilraun er gerð til endurvinnslu eða endurnýtingar úrgangs. Samkvæmt eigendasamkomulagi SORPU frá 2013 og viðauka við það frá 2020 er komið að tímamótum hvað varðar urðun. Urðun á lífrænum úrgangi er brátt úr sögunni með tilkomu GAJA og verður ekki lengur heimil frá árslokum 2021. Gjaldskrá fyrir lífrænan úrgang tekur mið af vinnslukostnaði í GAJA.

Einnig þarf að líta til þess að samkvæmt nefndu eigendasamkomulagi liggur fyrir að loka á núverandi urðunarstað í Álfsnesi innan 4 ára, sem einnig kallar á aukna flokkun og breytta meðferð úrgangs hjá SORPU, þar með talinn útflutning á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu. Verðskrá fyrir svonefndan baggaðan úrgang tekur mið af því að útflutningur á brennanlegum úrgangi geti staðið undir sér.

Vænt áhrif af gjaldskrárbreytingu

Gera má ráð fyrir að viðskiptavinir reyni að lágmarka kostnað með aukinni flokkun sem er einmitt tilgangurinn - en hugsanlega líka með því að færa sig til annarra þjónustuaðila. Núna er mjög miklu magni af úrgangi skilað óflokkuðum í böggum til urðunar. Eftir gildistöku nýrrar gjaldskrár verða miklir hvatar til að flokka úrgang til að lækka kostnað heimila, fyrirtækja og samfélagsins við meðferð úrgangs.

Farið verður í samráð við þróun á nýrri grænni gjaldskrá SORPU bs við helstu hagaðila.